

Yfirskrift:	Stjórnarfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana			
Stjórnarfundur	Dagsetning:	3. febrúar 2025	Tími:	12:00 – 13:20
Fundarstaður:	Teams			
Fundarstjóri:	HÞ			
Ritari:	AS			
Á fundinn mættu:	Arnór Snæbjörnsson (AS), Ágúst Hjörtur Ingþórsson (ÁHI), Helga Þórisdóttir (HÞ), Hildur Ragnars (HR), Ingibjörg Jóhannsdóttir (IJ), Magnús Ingvason (MI), Sigríður Kristinsdóttir (SK) og Anna Hermansdóttir (AH), framkvæmdastjóri félagsins			
Fjarverandi::				

## Fundargerð stjórnarfundar FFR 3. febrúar 2025

### 1. Fundargerð stjórnarfundar 20.janúar 2025

Fundargerð stjórnarfundar 20.janúar síðastliðinn var samþykkt.

### 2. Trúnaðarmál

Umfjöllun dagskrárliðar bókuð í sérstakri bókun með fundargerð.

### 3. Fundaröð um álitserðir Hafsteins Dan í febrúar/mars

Hafsteinn Dan Kristjánsson, prófessor við Lagadeild Háskólans í Reykjavík, hefur ritað fjórar álitserðir fyrir FFR um gildandi réttarreglur á fjórum afmörkuðum þáttum í laga- og starfsumhverfi forstöðumanna ríkisstofnana. Álitaefnin taka til launafyrirkomulags forstöðumanna, réttarreglna um auglýsingu embætta að skipunartíma liðnum og flutning embættismanna, tjáningarfrelsi og samnings- og félagafrelsi forstöðumanna. Hafsteinn mun kynna efni álitserðanna og niðurstöður á þremur TEAMS félagsfundum, þriðjudaginn 11. febrúar og miðvikudagana 26. febrúar og 5. mars kl. 11:00. Fundarboð hafa þegar verið send út til félagsmanna og stefnir í góða mætingu á fundina.

### 4. Hagræðing í rekstri ríkisins

Umræður um hagræðingarform stjórnvalda. HÞ gerði grein fyrir efni bréfs stjórnar FFR til forsætisráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra þar sem áréttað var mikilvægi samstarfs og samráðs við forstöðumenn við útfærslu á framkomnum tillögum og að haft yrði virkt samráð við forstöðumenn á öllum stigum þeirra breytinga sem fram undan kynnu að vera.

## 5. Aðalfundur

Ákveðið að aðalfundur ársins 2025 verði haldinn í fyrstu viku maí mánaðar. Einnig ákveðið að halda málstorfu áður en aðalfundarstörf hefjast. AH annast skipulagningu og hefur samband við kjörnefnd vegna stjórnarkjörs.

## 6. Samráðsfundur FFR og KMR

HP og AH fóru yfir efni síðasta samráðsfundar með KMR, en þar var m.a. rætt um umbótagóp forstöðumanna, stöðuna á vinnu starfshóps fjármálaráðherra um launafyrirkomulag forstöðumanna, námskeið fyrir nýja forstöðumenn sem hefjast í febrúar, öryggismál stofnana/forstöðumanna svo fátt eitt sé nefnt.